

2021

Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2021

Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh setti aðalfundinn. Í ræðu sinni bauð hún félagsmenn velkomna, bæði þá sem voru á staðnum og þá sem fylgdust með streymi fundarins. Guðbjörg minnti á í ávarpi sínu að aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og því væri ánægjulegt að sjá hversu margir hefðu skráð sig á fundinn.

Hún ræddi um starfsárið sem var óvenjustutt, aðeins átta mánuðir vegna covid-19 faraldursins. Hún ítrekaði að árið 2020 hafi undirstrikað mikilvægi hjúkrunarfræðinga sem hryggjarstykkið í heilbrigðiskerfinu. Framganga hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldrinum hafi skipt sköpum og að heilbrigðiskerfið geti ekki tekist á við vá af slíkri stærðargráðu án hjúkrunarfræðinga.

Formaður kom inn á styttingu vinnuvikunnar og undirstrikaði hversu mikilvægt væri að hjúkrunarfræðingar tryggji sem best ávinninginn af styttingu vinnuvikunnar sem er stórt framfaraskref í starfi hjúkrunarfræðinga. Breytingarnar eiga að leiða til aukinna lífsgæða og vega upp á móti margrannsökuðum neikvæðum áhrifum vaktavinnu, auk þess að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Guðbjörg ræddi atriði fundarins sem yrði kosið um líkt og breytingar á félagsgjöldum, breytingar á lögum og drög að nýrri stefnu félagsins. Að lokum kynnti hún fyrirhugaða ráðstefnu, Hjúkrun 2021, sem fer fram 16. - 17. september næstkomandi.

Kosning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri kosinn: Gyða Baldursdóttir (1.0)

Fundarritari kosinn: Guðný Birna Guðmundsdóttir (1.0)

Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Guðbjörg Pálsdóttir formaður kynnti skýrslu starfsemi Fíh á liðnu starfsári (2.0). Ákveðið var að prenta ekki út ársskýrsluna að þessu sinni vegna sjálfbærnisjónarmiða en hana má nálgast á vef félagsins. Í ársskýrslunni má finna ítarlega umfjöllun um starfsemi félagsins á starfsárinu 2020-2021. Starfsárið spannaði átta mánuði í stað hefðbundinna 12 mánaða þar sem aðalfundur síðasta árs var haldinn í september í stað maí. Stjórnarfundir voru 12 talsins. Breytingar urðu á fundartíma stjórnar þar sem í stað þess að halda einn fund í mánuði frá 9-16, hafa verið fundir hálfsmánaðarlegir fundir frá 9-12. Helstu verkefni stjórnar snéru að starfsáætlun og endurnýjun á stefnu félagsins sem gildi til ársins 2020.

Atburðir á afmælisári hjúkrunar urðu fáir sökum heimsfaraldursins. Félagið lét gera stóra starfskönnun meðal hjúkrunarfræðinga á tímum Covid-19 og fyrstu niðurstöður úr könnuninni birtust í síðasta tímariti hjúkrunarfræðinga. Könnuð var meðal annars starfsánægja hjúkrunarfræðinga, en hún jókst í heimsfaraldrinum.

Áhersla var lögð á nýjungar og frumkvöðlastarfsemi innan félagsins á árinu. Mannabreytingar hafa átt sér stað á skrifstofunni því Gunnar Helgason sviðstjóri kjara- og réttindasviðs lét af störfum eftir 6 ára

starf og Jón Tryggvi Jóhannsson hefur verið ráðinn í hans stað. Helga Ólafs ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga lætur einnig af störfum og hefur Sigríður Elín Ásmundsdóttir verið ráðin í hennar stað. Aðalbjörg Finnbogadóttir verkefnastjóri á fagsviði lætur einnig af störfum eftir 24 ár hjá félaginu. Sólveig Stefánsdóttir fjármálastjóri lætur einnig af störfum eftir 15 ára starf og verður staða hennar auglýst á næstunni. Fjarfundabúnaður var endurnýjaður í húsnæði félagsins.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sólveig Stefánsdóttir fjármálastjóri gerir grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2020 (3.0).

Skipting greiðslna í mismunandi sjóði félagsins er á þann veg að félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð en launagreiðendur greiða í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð, vísindasjóð og styrktarsjóð. Farið var yfir rekstrarafkomu og eigið fé hvers sjóðs fyrir sig, en gert er ráð fyrir að hver og einn sjóður standi undir kostnaði.

Ársreikningur var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum og af stjórn félagsins.

Fjármálastjóri fór yfir meðalgreiðslu félagsmanna og atvinnurekenda en iðgjöld hjúkrunarfræðinga koma 70% frá launagreiðendum en 30% frá félagsmönnum.

Staða félagsins er mjög góð en eigið fé er yfir milljarður. Niðurstaða félagssjóðs fyrir árið 2020 var tap upp á 4,8 milljónir en gert var ráð fyrir tapi upp á 13 milljónir og rekstrarniðurstaða því mun betri en reiknað var með.

Niðurstaða Orlofssjóðs var hagnaður upp á 20 milljónir. Iðgjöld jukust um 11% en mikill samdráttur var á sölu gjafabréfa. Orlofssjóður á mikið af fasteignum og 223 milljónir í eigið fé og staða sjóðsins þar af leiðandi góð.

Niðurstaða Starfsmenntunarsjóðs var hagnaður upp á 175 milljónir króna. Tekjur í sjóðnum hækkuðu um alls 150 milljónir milli ára þar sem hluti af iðgjöldum Vísindasjóðs renna nú til Starfsmenntunarsjóðs. Úthlutun Starfsmenntunarsjóðs til félagsmanna verður í kjölfarið allt að 240.000 kr. á 24 mánaða tímabili.

Niðurstaða Styrktarsjóðs var tap upp á 31 milljón. Eigið fé sjóðsins er 73 milljónir. Iðgjöld hafa aukist vegna hækkunar framlaga launagreiðenda í sjóðinn. Sjúkradagpeningar hafa aukist um 47% milli ára.

Niðurstaða Vísindasjóðs sýnir hagnað upp á tæpar 8 milljónir. Eigið fé sjóðsins er alls 49 milljónir. A-hluta styrkirnir lækka úr 95% í 45%, en engar breytingar verða á B-hluta styrkjum. Þetta fyrirkomulag mun breyta umhverfi Starfsmenntunar- og Vísindasjóðs á komandi árum og leiðir vonandi til aukinna styrkveitinga til sí- og endurmenntunar félagsmanna.

Niðurstaða Vinnudeilusjóðsins var 42 milljónir króna. Alls er eigið fé sjóðsins orðið 290 milljónir.

Ársreikningarnir voru samþykktir án athugasemda og enginn greiddi atkvæði á móti.

Ársreikningar Minningarsjóða Hans Adolfs Hjartarsonar, Kristínar Thoroddsen og Rannsóknar- og vísindasjóðs voru lagðir fram og samþykktir án athugasemda.

Ákvörðun um félagsgjöld

Sólveig Stefánsdóttir fjármálastjóri Fíh kynnti tillögu um að félagsgjöld yrðu innheimt af heildarlaunum í stað dagvinnulauna (4.0). Allir félagsmenn myndu greiða sama hlutfall 0,85% af heildarlaunum í stað 1,2% af dagvinnulaunum.

Einnig er lögð tillaga fram um lækkun iðgjalda í vinnudeilusjóð. Í dag eru greiðslur í vinnudeilusjóð 0,15% af dagvinnulaunum, en tillagan hljóðaði upp á lækkun í 0,05% af heildarlaunum. Heildaráhrif breytinganna yrðu að greiðslur félagsmanna myndu lækka um 9%.

Þá var lagt til að hækka viðmið hámarksíðgjalda í 130 þúsund krónur, en þau hafa ekki hækkað síðan árið 2018, þrátt fyrir að laun hafi hækkað um 16%. Hámarksíðgjöldin eru ekki vísitölutengd og lagt er til umrædda breyting til að mæta hækkan á launum.

Tillagan um breytingu á félagsgjöldum var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða. Tveir voru á móti.

Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsár

Halla Eiríksdóttir, varaformaður Fíh kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2021-2022 (5.0).

Í starfsáætlunni koma fram fjórar megináherslur sem eiga að þjóna félagsmönnum og eru stéttinni til hagsbóta. Áhersluatriðin fjögur eru:

Forysta til árangurs þar sem áhersla er lögð á efla leiðtoga samkvæmt Alþjóðaráði hjúkrunafræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) og endurvekja stöðu hjúkrunafræðings innan stjórnarsýslunnar (GCNO).

Kjaramál og starfsumhverfi þar sem styttingu vinnuvikunnar er fylgt eftir með fræðslu og ráðgjöf, áframhaldandi stuðningur við trúnaðarmenn, könnun verður gerð um starfsumhverfi hjúkrunafræðinga og fræðslustarf um vinnu- og öryggismál í starfsumhverfi hjúkrunafræðinga.

Þjónusta og fræðsla þar sem þjónustukönnun verður gerð meðal félagsmanna og áhersla lögð á stafrænt þjónustuviðmót. Áhersla er lögð á að styðja við hjúkrunafræðinga fyrstu tvö ár í starfi, veita ráðgjöf við starfslok og veita hjúkrunafræðingum af erlendum uppruna stuðning.

Hjúkrun og samfélag þar sem störf hjúkrunarfræðinga og mikilvægi þeirra verða gerð sýnilegri í samfélaginu, draga úr kynjahalla innan stéttarinnar og leggja áherslu á nýsköpun og eflingu vísindarannsókna í hjúkrun.

Markmið og starfsáætlun samþykkt með öllum atkvæðum.

Tillögur til lagabreytinga

Arndís Jónsdóttir, smeðstjórnandi í stjórn Fíh kynnti tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins (6.0). Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi voru alls 18. Breytingatillögur bárust á réttum tíma.

1) 2. grein laga um tilgang félagsins

Tillaga um að leggja meiri áherslu á hjúkrun og félagsmenn í stað áherslu á heilbrigðiskerfið og einnig að gera siðareglur félagsins sýnilegri. Breytingar á tilgangi félagsins og áhersla lögð á mikilvægi hjúkrunar í stefnumótun heilbrigðisþjónustunnar. Tillagan var samþykkt samhljóða, með breyttu málfari.

2) 3. grein um aðild

Bætt inn aðild hjúkrunarnema sem lokið hafa fyrsta ári í hjúkrun. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3) 7. Grein um aðalfund

Fjórar breytingar lagðar til á sjöundu grein. Málsgreinar voru umorðaðar og fluttar til, texti stytur og óþörf upptalning tekin út til að gera textann markvissari. Engar athugasemdir komu fram og breytingar á 7. grein samþykktar samhljóða.

4) 8. grein um stjórn félagsins

Breytingar gerðar á málsgreinum. Fellt út að formannskjör fari fram á ári með oddatölu þar sem seta formanns er nú í fjögur ár. Orðalag um kjör stjórnarmanna er einfaldað. Lengd framboða er sett í vikum líkt og annarsstaðar í lögnum. Engar athugasemdir komu fram og breytingar á 8. grein samþykktar samhljóða.

5) 9. grein um formann félagsins

Málsgreinin um hámarkssetu formanns er flutt yfir í 10. gr. um formannskjör þar sem hún á betur við, enda koma þar fram skilyrði fyrir því að vera gildur frambjóðandi. Samþykkt samhljóða.

6) 10. grein um formannskjör

Ákvæðið um kjörgengi í embætti formanns er flutt innan greina, frá 9. gr. Breytt er tímalínu framboðs formanns og orðalag einfaldað. Aukin ábyrgð er sett á kjörnefnd. Komu fram nokkrar athugasemdir. Samþykkt samhljóða.

7) 11. Grein um skipulag starfsemi félagsins

Ekki þörf að mati stjórnar að binda innra skipulag félagsins við lög félagsins. Umræður um ýmis atriði. Samþykkt samhljóða.

8) 13. grein um réttindi og skyldur

Leiðrétting gerð á orðalagi, samanber nemaaðild í 3. gr. Auk þess er tilvísun laga í landslög tekin burt. Samþykkt samhljóða.

9) 14. Grein um félagsgjöld

Breytingar gerðar á orðalagi þar sem aukaaðild er breytt í nemaaðild auk þess að tilvísun í landslög er tekin í burtu. Samþykkt samhljóða.

10) 18. Grein um kjörnefnd

Breytingar gerðar á orðalagi. Tímafrestur til framboða fyrir aðalfund er lengdur úr einni viku í tvær. Samþykkt samhljóða.

11) 23. grein um Vísindasjóð

Breytingar á orðalagi . Samþykkt samhljóða.

12) 24. Grein um Orlofssjóð

Breytingar á orðalagi . Samþykkt samhljóða.

13) 25. Grein um Starfsmenntunarsjóð

Breytingar á orðalagi . Samþykkt samhljóða.

14) 26. grein um Vinnudeilusjóð

Breytingar á orðalagi o. Samþykkt samhljóða.

15) 27. grein Styrktarsjóður

Breytingar á orðalagi . Samþykkt samhljóða.

16) 31. Grein um trúnaðarmenn

Lítilsháttar breytingar eru gerðar á orðalagi. Orðalag um kjara- og réttindasvið tekið burt, svæðisdeildar hafa verið aflagðar og er því tekið út. Samþykkt samhljóða.

17) 35. Grein um ákvarðanatöku og kosningar

Heimild til rafrænna kosninga bætt við. Samþykkt samhljóða.

18) 36. Grein um allsherjaratkvæðagreiðslu

Möguleiki á notkun rafrænna skilríkja bætt við. Samþykkt samhljóða.

Kjör í stjórn, nefndir og ráð

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar Fíh fór yfir kjör í nefndir, stjórn og ráð (7.0).

Núverandi formaður, Guðbjörg Pálsdóttir var sjálfkjörin formaður Fíh til næstu fjögurra ára.

Í framboði sem aðalmenn í stjórn voru þrír aðilar og einn varamaður. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
- Halla Eiríksdóttir
- Hildur Björk Sigurðardóttir

Varamaður

- Ásdís M. Finnbogadóttir

Stjórn 2021-2022 var því réttkjörin:

- Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
- Halla Eiríksdóttir
- Hildur Björk Sigurðardóttir
- Varamaður: Ásdís M. Finnbogadóttir

Ritnefnd (Fjórir fulltrúar)

Í ritnefnd var auglýst eftir fjórum framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Sigrún Sunna Skúladóttir
- Sölvi Sveinsson
- Þóra Jenný Gunnarsdóttir
- Þorgerður Ragnarsdóttir

Orlofssjóður (Fimm fulltrúar)

Í orlofssjóð var auglýst eftir fimm framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Ása María Guðjónsdóttir
- Heiða Björk Gunnlaugsdóttir
- Inga Valborg Ólafsdóttir
- Lovísa Jónsdóttir
- Sigurður Ýmir Sigurjónsson

Styrktarsjóður (Þrír fulltrúar):

Í styrktarsjóð var auglýst eftir þremur framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:

- Aðalheiður D. Matthíasdóttir
- Sigrún Barkardóttir
- Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn:

- Baldvina Hafsteinsdóttir
- Ellen Stefanía Björnsdóttir

Kjörnefnd (Þrír fulltrúar):

Í kjörnefnd var auglýst eftir þremur framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:

- Ása St. Atladóttir
- Ólafur G. Skúlason
- Ólöf Árnadóttir

Varamaður:

- Kolbrún Gísladóttir

Skoðunarmenn reikninga (Tveir fulltrúar):

Kjósa þarf skoðunarmenn reikninga árlega. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Herdís Herbertsdóttir
- Þórgunnur Hjaltadóttir

Önnur mál

Kynning á stefnu Fíh í heilbrigðismálum (8.1)

Guðbjörg formaður kynnti stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030. Stefnan tekur mið af heilbrigðisstefnu til 2030 og skiptist í sjö kafla. Ekki var hægt að halda Hjúkrunarþing til að ræða stefnuna en þess í stað var leitað var til fagstétta sem komu að gerð stefnunnar.

Ábyrgð, áræði og árangur eru einkunnarorð hjúkrunar og mikilvægt er að nýta mannauðinn sem liggur í hjúkrun þar sem hjúkrunarfræðingar eru meiri en helmingur heilbrigðisstarfsmanna. Stefnan er byggð á ICN gildum sem snúa að umhyggju og virðingu fyrir lífi og mannhelgi skjólstæðinga hjúkrunar.

Formaður fór yfir kaflana sjö og impraði á undirmarkmiðum sem voru 5-16 talsins undir hverjum kafla. Kaflarnir voru; Forysta til árangurs, áhersla á yngri hjúkrunarfræðinga, rétt þjónusta á réttum stað, fólkið í forgrunni, virkir notendur, skilvirk þjónustukaup, gæði í fyrirrúmi og hugsað til framtíðar.

Stefna Fíh í heilbrigðismálum var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Ályktanir (8.2)

Hildur Björk Sigurðardóttir meðstjórnandi lagði fram ályktanir stjórnar.

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Mönnun hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þann 26. maí 2021 lýsir yfir miklum áhyggjum af niðurstöðu skýrslu um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Það er óásættanlegt að mönnun hjúkrunarfræðinga sé langt undir lágmarks viðmiðum Embættis landlæknis um hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarfjölda starfsfólks er starfa við umönnun aldraðra. Slík staða ógnar verulega gæðum og öryggi öldrunarþjónustunnar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skorar á heilbrigðisráðherra að tryggja lágmarks mönnun hjúkrunarfræðinga til að hægt verði að veita árangursríka og góða þjónustu við íbúa hjúkrunarheimila. Til þess þarf að bregðast við rekstrarhalla hjúkrunarheimilanna með nægjanlegu fjármagni þannig að hægt verði að veita örugga og góða þjónustu til framtíðar.

Stytting vinnuvikunnar

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þann 26. maí 2021 fagnar styttingu vinnuvikunnar s em tók gildi 1. janúar 2021 hjá dagvinnufólki og 1. maí hjá vaktavinnufólki. Þar sem stór hluti hjúkrunarfræðinga er í vaktavinnu er stigið stórt skref að 100% vaktavinna jafngildi 80% viðveru hjúkrunarfræðinga með þunga vaktabyrði. Breytingarnar eiga að leiða til aukinna lífsgæða til að veita upp á móti neikvæðum áhrifum vaktavinnu á heilsu og öryggi og auðvelda starfsfólki þannig að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þetta er stórt framfaraskref í kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga. Því er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar nýti þetta tækifæri sem best og leggist á eitt við að tryggja sem best ávinninginn af styttingu vinnuvikunnar.

Afhending hvatningastyrkja

Guðbjörg Pálsdóttir formaður afhenti eftirfarandi hjúkrunarfræðingum hvatningastyrki félagsins:

Ásdís Elfarsdóttir Jelle, deildarstjóri sýkingarvadeildar Landspítala hlaut hvatningastyrk fyrir störf sín tengt sýkingarvörnum og öryggi sjúklinga.

Guðbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með sár, hlaut vatningastyrk fyrir störf sín í þróun sárahjúkrunar.

Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir, frumkvöðull á sviði taugahjúkrunar, hlaut hvatningastyrk fyrir störf sín í hjúkrun sjúklinga með Parkinson.

Snæbjörn Ómar Guðjónsson, sérfræðingur í geðhjúkrun, hlaut hvatningastyrk fyrir framlag sitt til eflingar geðhjúkrunar og fjölskylduhjúkrunar.

Sóley Sesselja Bender prófessor, hlaut hvatningastyrk fyrir framlag sitt til uppbyggingar fræðasviðs í kynheilbrigðismálum.

Afhending rannsóknarstyrkja úr B-hluta vísindasjóðs

Marianne Klinke formaður stjórnar Vísindasjóðs afhenti styrki B-hluta Vísindasjóðs til 17 hjúkrunarfræðinga. Alls hlutu 17 hjúkrunarfræðingar styrk úr sjóðnum að upphæð 11.084.450 krónum.

Aðalfundi slitið

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh sleit aðalfundi klukkan 21:30.

Á aðalfundinn voru skráðir alls 81 félagsmenn með atkvæðisrétt. Á fundinn mættu 50 með atkvæðisrétt og 7 voru án atkvæðisréttar.

Guðný Birna Guðmundsdóttir fundarritari

Gyða Baldursdóttir fundarstjóri